

Nr. 29/1903:

Einar Benediktsson
gegn

Tryggva Gunnarssyni.

D ó m u r:

Mal þetta höfðaði Tryggvi bankastjóri Gunnarsson gegn settum yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, út af meiðyrðum; var það dæmt 13. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að Einar Benediktsson skyldi sýku af köfum stefnanda, ef hann ynni eið að því eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, að hann hefði ekki viðhaft um Tryggva Gunnarsson hin átöldu meiðyrði, sem sé, að hann væri »den største Idiot i Reykjavik og den største Kjelt-ring i hele Landet«. En ynni hann eigi eiðinn, skyldi hann greiða 100 kr. sekt í landssjóð, eða sæta 20 daga einföldu fangelsi, ef hann greiddi ekki sektina í tækan tíma, svo og greiða Tryggva 15 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hefir Einar Benediktsson áfrýjað til landsyfírrettarins með stefnu 19. dag maí-mán. þ. á. og krafist, að stefndi taki aftur kröfur sínar í þessu máli af ástæðum þeim, sem hann hefir tilgreint í sóknarskjali sínu, og viðurkenni þá skýrslu sína um málið rétta, og í öllu falli krefst hann, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði alsýknaður af kærnum og kröfum stefnda og sektarákvæði undirdómsins, en jafnframt, ef mótparturinn vill ekki taka aftur kröfu sína og kannast við skýrslu hans, að stefndi

þá verði dæmdur til þess að greiða allan málskostnað eftir mati yfirdómsins; ella óskar áfrýjandi að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta fyrir yfirdómi, ber því að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru lögð. —

Áfrýjandi hefir eindregið neitað því, að hann hafi við haft hin átöldu meiðyrði um stefnda. Eitt vitni hefir samt borið og unnið eið að þeim framburði, að áfrýjandi hafi á veitingahúsi einu hér í bænum viðhaft hin átöldu ummæli um stefnda; að vísu er það þannig ekki fullsannað, að svo hafi verið, en með þessum eiðfesta vitnisburði eru fengnar nægar líkur til þess, að skylda verður áfrýjanda til þess að synja með eiði sínum fyrir, að hann hafi viðhaft ofanefnd ummæli um stefnda, og gjöri hann það ekki, hlýtur hann að verða fyrir sekt, sem eigi er ofhátt ákveðin í undirdóminum, er eigi hefir verið gagnáfrýjað, samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, 100 kr. til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi. — Með því að stefndi hefir ekki mætt eða mæta látið fyrir yfirdómi, fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður. — Samkvæmt framansögðu og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómarans, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn skal vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför aðlögum.

Nr. 37/1903:

Hið opinbera
gegn
Arnbjörgu Stefánsdóttur.

D ó m u r:

Hinn 26. nóv. 1901 andaðist maður hinnar kærðu, Sigurður hreppstjóri Einarsson á Hánefsstöðum í Vestdalseyrarsókn í Dvergasteinsprestakalli, og hafði hann nokkru áður lýst yfir því fyrir presti sínum, að hann væri utanþjóðkirkjumaður, og skrifaði sig úntaratrúar við manntalið 1. nóv. s. á. Ekkja hans, hin kærða, skrifaði sóknarprestinum þegar eftir lát manns síns, og með því að hún kvaðst vera sömu trúar og maður hennar sál. og yrði því að láta jarða hann án þess að nota þjóðkirkjuprest við jarðarförina, þá spurðist hún fyrir um það, hvort presturinn vildi eigi samt leyfa að hann yrði jarðaður í kirkjugarði sóknarinnar. Presturinn svaraði á þá leið, að hann gæti ekki leyft neinn af þeim grafreitum, er hann hefði yfir að ráða, nema ekkjan undirgengist að láta brúka venjulega greftrunarsíði, þ. e. moldu væri kastað á líkið og sálmasöngur viðhafður. Lét þá kærða jarða mann sinn 6. des. s. á. í mel fyrir ofan íbúðarhús sitt í Hánefsstada-landi í óvígðri moldu og án þess að prestur væri þar viðstaddur. Út af þessu skipaði landshöfðing-